

## 59. gr.

*Fastráðnir starfsmenn.*

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

## 60. gr.

*Ráðning lausráðinna starfsmanna.*

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps nr. 446/1992.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. október 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sesselja Árnadóttir.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu á svæðisskipulagi fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ,  
Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll 1995-2015.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, hafa umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti, að því er tekur til Keflavíkurflugvallar, staðfest svæðisskipulag fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af aðalskipulagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar, 1982-2002, er staðfestur var af félagsmálaráðherra 20. september 1983 og utanríkisráðherra 12. október 1983.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*

*Utanríkisráðuneytinu, 8. október 1996.*

**Halldór Ásgrímsson.**

\_\_\_\_\_  
*Helgi Ágústsson.*